

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um fráflæðisvanda á Landspítala.

Frá Berglindi Hörpu Svavarsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar sem eru inniliggjandi á Landspítala hafa þegar lokið meðferð en bíða eftir öðru úrræði?
2. Hvaða aðgerðir hefur markvisst verið farið í á síðustu tveimur árum til þess að mæta fráflæðisvanda á Landspítala?
3. Hvaða skref hafa verið tekin á vegum ráðuneytisins til að bregðast við niðurstöðu sem alþjóðlega ráðgjafarfirmakerfið McKinsey setti fram í skýrslu í mars 2022 um að ef ekkert yrði gert yrði þörfin fyrir legurými árið 2040 u.þ.b. helmingi meiri en spítalinn gæti annað?
4. Hvaða skref hafa verið stigin á síðustu tveimur árum í þá átt að efla viðtækari heimaþjónustu og fleiri sveigjanleg og fjölbreytt úrræði svo að einstaklingar geti útskrifast heim í eigið húsnæði með viðeigandi þjónustu?
5. Hvaða áform eru til staðar til að fjölga hjúkrunarrýmum á næstu árum í því skyni að mæta stórum hluta fráflæðisvandans?

Skriflegt svar óskast.